



Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti 75  
450 PATREKSFJÖRÐUR

Garðabær, 4. júní 2026  
Málsnúmer: 202604-0038  
IAS

**Efni: Brjánslækur 1, deiliskipulag.**

Vísað er til erindis Vesturbyggðar frá 21. apríl 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um nýtt deiliskipulag fyrir Brjánslæk 1, Vesturbyggð.

Deiliskipulagssvæðið nær til um 4,6 ha svæðis í landi Brjánslækjar 1 á Barðaströnd í Vesturbyggð. Svæðið er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035. Með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir breytingu á landnotkun úr landbúnaði í verslun og þjónustu. Skipulagssvæðið er innan 2 ha túns, heimilt verður að reisa allt að 11 hús til gistingar, hvert um sig á bilinu 40-100 m<sup>2</sup>, auk eins þjónustuhúss allt að 150 m<sup>2</sup> að stærð. Hámarks byggingarmagn innan lóðar er allt að 1000 m<sup>2</sup>.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Deiliskipulagssvæðið er utan friðlýstra svæða og annarra svæða á náttúruminjaskrá en rétt við náttúruvættið Surtarbrandsgil í landi Brjánslækjar. Þá er það við Breiðafjörð, sem friðaður er með lögum nr. 54/1995 og tilnefndur af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela.

Deiliskipulagið er á túni sem nýtt hefur verið til sláttar og því er ekki um að ræða óraskað land, líklegt er að fuglar nýti sér svæðið til varps og er því æskilegt að framkvæmdir fari fram utan varptíma.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur